



Austurvegur 56 - 800 Selfoss

Sími 480 8220 – Myndsendir 480 8201 – Netfang hs@sudurland.is – Kennitala 480284-0549

Alþingi
Erindi nr. Þ 135/2308
komudagur 21.4.2008

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Selfossi, 18. apríl 2008
0804044HS SG

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Suðurlands um 524. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES-reglur, breyting ýmissa laga.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur móttækið bréf dags. 9. apríl sl. varðandi umsögn um 524. mál, frumvarp til laga um endurskoðun á undanþágum frá I. kafla I. viðauka við EES-samninginn, EES-reglur, breyting ýmissa laga. Þær breytingar í frumvarpinu sem mestu máli skipta fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga eru breytingar á matvælalögunum nr. 93/1995, sem koma fram í I. kafla frumvarpsins og verður því umsögnin einskorðuð við þann kafla.

1. Í 3. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalagi verði breytt á lið 6, sem er skilgreining á hugtakinu matvælafyrirtæki: „*Matvælafyrirtæki er fyrirtæki eða einstaklingur sem rekur starfsemi í tengslum við framleiðslu, vinnslu eða dreifingu matvæla á einhverju stigi, hvort sem þa starfsar í ágóðaskyni eður ei, og hvort sem það er einkarekið eða opinbert fyrirtæki*“. Lagt er til að þessi grein orðist svo: „*Matvælafyrirtæki er hvert það fyrirtæki og hver sá aðili sem annast framleiðslu og dreifingu matvæla.*“

Greinargerð:

Þessi skilgreining er þannig orðuð í reglugerð nr. 522/1994 - matvæla reglugerðinni og gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands að tilögu sinni að sú skilgreining verði notuð áfram enda í fullu gildi. Enda er um óþarfa orðalengingar að ræða, sem er í raun vinnuþýðing úr frumgerð reglug. EB nr. 178/2002.

2. Í upphafi 3. gr. frumvarpsins er felld út skilgreining á hugtakinu „matvæli“, í lögum nr. 93/1995, en þar þarf einnig að fella út úr 4. gr. laganna 11. mgr. sem fjallar um hugtakið „*bætiefni*“, þar sem það fellur nú undir hugtakið „*æðubótarefni*“.
3. Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að **felld verði út** orðin: „sem heilbrigðisnefndum ber að fylgja“.

Greinargerð:

Þarna er um óþarfa tvítekningu að ræða, þar sem rétt á undan er tekið til þess hvað í yfirumsjón Matvælastofnunar felist, þ.e. að leitast við samræma framkvæmd matvælaeftirlits í landinu öllu. Setningin er ennfremur villandi að



Því leyti að heilbrigðisnefndum ber að framfylgja miklu meira en einungis leiðbeiningum og viðmiðunarreglum Matvælastofnunar.

4. Í 7. gr. frumvarpsins er lagt til að orðalagið verði á þann veg að „Ráðherra er „*skylt*“ að setja reglur um að þeir sem starfa við framleiðslu og dreifingu matvæla...“ en ekki „*heimilt*“.

Greinargerð:

Það er alls kostar óviðunandi að hver sem er geti staðið fyrir matvælaframleiðslufyrirtæki s.s. matsölustað án þess að hafa til þess minnstu þekkingu, hvað varðar meðferð matvæla, hreinlæti og örveruvöxt.

Að öðru leyti gerir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands ekki athugasemdir við frumvarpið.

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

Sigrún Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands